

Miðvikudaginn 2. desember 1987.

Nr. 321/1987. **Páll A. Kristjánsson**

gegn

Unni Einarsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll A. Kristjánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 3. desember 1987.

Nr. 207/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Helga Aðalsteinssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Ávana- og fikniefni. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1987, en meðákærði í héraði vildi hlíta héraðsdómi.

Dóminum er áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu hans til refsis-

ákvæða. Þá er og fallist á afgreiðslu héraðsdómara á þeim þætti málsins er lýtur að því að ákærði hafi með broti sínu rofið skilyrði reynslulausnar, er honum var veitt 18. desember 1985.

Fram er komið, að hinn 30. desember 1986 undirgekkst ákærði réttarsátt að fjárhæð 8.500,00 krónur í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum fyrir „að hafa stöku sinnum neytt hass s.l. tvö ár og neytt síðast hass fyrri hluta þessa mánaðar“. Taldist brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af þessu, svo og sakferli ákærða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár, enda er í ljós leitt, að hér var um veikt efni að ræða. Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 6 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir. Málsvarnarlaun eru ákveðin án söluskatts.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Helgi Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 2 ár. Frá refsingu ákærða dragist gæsluvarðhald hans, alls 6 dagar. Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 23. febrúar 1987.

Ár 1987, mánudaginn 23. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Reykjavík af Guðjóni St. Marteinssyni ftr., kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 436-437/1987: Ákærvaldið gegn Helga Aðalsteinssyni og X.

Málið var höfðað með ákæruskjali, dagsettu 11. ágúst 1986, á hendur Helga Aðalsteinssyni, Breiðvangi 14, Hafnarfirði, fæddum 23. mars 1954

í Reykjavík og X..., „fyrir að hafa í mars/apríl 1986 sameiginlega smyglað hingað til lands tæpum 340 g af amfetamíni sem ákærði Helgi ætlaði til sölu hér á landi. Ákærði Helgi keypti efnið í Amsterdam í lok mars og bjó um það í sex vindlingapökkum. Ákærði X flutti efnið hingað til lands frá Luxemburg 3. apríl gegn því að ákærði Helgi greiddi honum kr. 300.000 fyrir, en lögreglan fann efnið í fórum hans við komu til Keflavíkurflugvallar.“

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 84, 1986.

Ákæruvaldið gerir þær kröfur að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og ákærði Helgi jafnframt til að sæta upptöku á 339,4 g af amfetamíni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Ákærða X var birt ákæruskjalið þann 25.9. 1986 og heldur ákærði X ekki uppi vörnum í málinu.

Ákærða Helga var birt ákæruskjalið þann 6. janúar sl. Skipaður verjandi ákærða Helga flutti munnlega vörn í málinu þann 28. janúar sl. og var málið dómtekið sama dag.

Verjandi ákærða Helga gerði eftirfarandi dómkröfur: Að dæmd verði vægasta refsing sem lög leyfa og að dæmd verði málsvarnarlaun sér til handa af almannafé.

Verjandinn gerði kröfu til þess að reynslulausn ákærða Helga verði ekki dæmd með í máli þessu.

Sakferill ákærða X, sbr. sakavottorð dagsett 8.8. 1986 þykir ekki skipta máli við úrlausn máls þessa.

Ákærði Helgi hefur margsinnis sætt kærur og refsingum, sbr. sakavottorð dagsett 8.8. 1986.

Ákærði Helgi var þann 25.6. 1984 dæmdur af sakadómi Ísafjarðar í 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Sá dómur var staðfestur í Hæstarétti Íslands þann 8.3. 1985.

Ákærða Helga var þann 18.12. 1985 veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingum, 280 dögum.

Málavextir:

Ákærði X var handtekinn við komu til landsins frá Luxemburg hinn 3.4. 1986 og reyndist þá með í fórum sínum 344,9 grömm af amfetamíni.

Ákærði Helgi var handtekinn við komu til landsins daginn eftir eða 4.4.

1986. Báðir voru ákærðu úrskurðaðir í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins.

Ákærði X bar við lögregluþyrirheyrslu þann 7.4. 1986, að meðákærði Helgi hefði um miðjan mars s.á. nefnt við sig hvort hann (þ.e. ákærði X) væri reiðubúinn að flytja fíkniefni til landsins gegn féggjaldi. Ákærði X kvað meðákærða Helga hafa rætt um að kaupa 300 - 350 grömm af amfetamíni og ákærði X fengi kr. 300.000 fyrir að flytja efnið hingað til lands. Ákærði X kvaðst hafa fallist á að flytja fíkniefnin til landsins þar eð ákærði X kvaðst hafa verið mjög illa staddur fjárhagslega.

Ákærði X kvað þá félaga hafa haldið flugleiðis til Luxemburg þann 26.3. 1986 og síðan ferðast til Amsterdam og kvað ákærði X meðákærða Helga hafa keypt fíkniefni þar í borg og síðan flutt efnið aftur til Lusemburg þar sem meðákærði Helgi kom efnum fyrir í vindlingapökkum en þannig flutti ákærði X efnið hingað til lands. Ákærði X kvað meðákærða Helga hafa einan keypt fíkniefnin og einnig einan hafa komið þeim fyrir í vindlingapökkum á hótélherbergi í Luxemburg.

Ákærði Helgi bar við lögregluþyrirheyrslu þann 10.4. 1986, að hann hefði skömmu fyrir utanför þá er hér er ákært út af rætt við meðákærða X um hvort sá vildi flytja fíkniefni til landsins gegn féggjaldi og þannig talið að meðákærði X fengi kr. 300.000 í sinn hlut, en ákærði Helgi kvaðst hafa vitað af fjárhagsörðugleikum meðákærða X.

Ákærði Helgi lýsti kaupum sínum á amfetamíni í Amsterdam af ókunnum aðila og því er fíkniefnum var komið fyrir í vindlingapökkum á hótélherbergi í Luxemburg og kvað ákærði Helgi meðákærða þar hafa hvergi komið nærri.

Ákærði X var yfirheyrður hér fyrir dómi þann 25. september 1986 og kvað ákæruskjal vera í samræmi við framburði sína. Ákærði X viðurkenndi þannig að hafa tekið að sér að flytja 340 grömm af amfetamíni til landsins fyrir meðákærða Helga gegn féggjaldi að upphæð kr. 300.000.

Ákærði Helgi var yfirheyrður hér fyrir dómi 6. janúar sl. Vísaði ákærði þá í framburði sína hjá lögreglu frá 10.4. 1986 sem rakið var að hluta hér að framan. Ákærði Helgi kvaðst hafa keypt um 350 grömm af amfetamíni í Amsterdam í mars/apríl 1986 og að efnið hafi verið ætlað til endursölu hér á landi. Ákærði Helgi kvaðst hafa fengið meðákærða til að flyta fyrir sig fíkniefnin til landsins gegn féggjaldi. Ákærði Helgi kvaðst ytra hafa komið efnum fyrir í vindlingapökkum og þannig hafi meðákærði flutt efnið til landsins.

Niðurstöður:

Sannað er með framburðum ákærðu, sem vel eru studdir af öðrum gögnum máls þessa, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá er ákært

er út af. Ákærðu smygluðu þannig sameiginlega til landsins í mars/apríl 1986 339,4 grömmum af amfetamíni sem ákærði Helgi ætlaði til sölu hér á landi. Ákærði Helgi keypti efnið í Amsterdam í lok mars og bjó um það í sex vindlingapökkum. Ákærði X flutti efnið hingað til lands frá Luxemburg 3. apríl gegn því að ákærði Helgi greiddi honum kr. 300.000 fyrir, en lögreglan fann efnið í fórum hans við komu til Keflavíkurflugvallar.

Ákærðu hafa því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 84, 1986.

Ákærðu sammæltust við framningu brota sinna og verður það virt ákærðu til þyngingar við ákvörðun refsingar sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Í matsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 26. maí 1986, er kveðið á um að efni það er mál þetta snýst um hafi verið amfetamín og að magn amfetamíns í formi súlfats hafi verið 17% sem svari til 12% af amfetamín-basa. Styrkur efnisins er mál þetta snýst um var þannig ekki mjög mikill en efnismagn hins vegar mjög mikið og ætlað til endursölu hér á landi svo sem rakið var.

Svo sem rakið var að framan og gögn málsins bera með sér er ákærði Helgi frumkvöðull brota er hér er ákært út af.

Ákærði Helgi hlaut þann 18.12. 1985 reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 280 daga fangelsi.

Ákærði Helgi hefur nú með sakfellingu í máli þessu rofið skilorð reynslulausnarinnar og á því sbr. ákvæði 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 sbr. 3. gr. laga nr. 16, 1976 að ákvarða ákærða Helga refsingu með hliðsjón af hinni óloknu refsivist og meta hana sem skilorðsdóm.

Brot ákærða Helga sem mál þetta er risið af þykir svo alvarlegs eðlis að ekki komi til álita að láta standa óbreytt sem skilorðsdóm 280 daga óloknu fangelsi enda ekki til staðar nein slík skilyrði sem réttlæti slíkt sbr. atvik er einkum mæla með slíkum málalokum í 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955 þar sem segir að slíkt komi einkum til greina ef hið nýja brot hefur ekki verið framið af ásettu ráði eða varði aðeins sektum.

Refsing ákærða Helga verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til ofanritaðs og sakferlis ákærða Helga þykir refsing hans hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í tvö ár og níu mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 6 dagar er ákærði Helgi sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða X þykir hæfilega ákveðin sem fangelsi í eitt ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 7 dagar er ákærði X sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 er fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins og ákærða Helga gert að sæta upptöku á 339,4 grömmum af amfetamíni, nú í vörslum dómsins merkt efnaskrá nr. 1580.

Ákærði X greiði kr. 8.000 vegna réttargæslu Guðnýjar Höskuldsdóttur hdl.

Ákærði Helgi greiði kr. 25.000 vegna réttargæslu Kristins Einarssonar hrl. og kr. 15.000 í málsvarnaralun til sama lögmanns.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði Helgi Aðalsteinsson, fæddur 23.3. 1954, sæti fangelsi í 2 ár og 9 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 6 dagar er ákærði Helgi sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði X sæti fangelsi í 1 ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 7 dagar er ákærði X sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 339,4 grömm af amfetamíni, nú í vörslum dómsins merkt efnaskrá nr. 1580.

Ákærði X greiði kr. 8.000 vegna réttargæslu Guðnýjar Höskuldsdóttur hdl.

Ákærði Helgi greiði kr. 25.000 vegna réttargæslu Kristins Einarssonar hrl. og kr. 15.000 í málsvarnarlaun til sama lögmanns.

Sakarkostnað að öðru leyti en getið hefur verið hér að framan greiði ákærðu in solidum.